



Innanríkisráðuneytið

B.t. Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, ráðherra

Nefndasvið Alþingis, b.t. allsherjar- og menntamálanefndar

Sölvhóls götu 7

101 Reykjavík

Akranesi, 10. apríl 2014

1401225 RÁ/sa

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, þingskjal 459-251**


Vísað er til fyrri umsagnar Akraneskaupstaðar um ofangreint mál.

Varðandi staðsetningu aðalstöðvar lögreglustjóraembættis Vesturlands og ákvörðun um starfsstöðvar starfsfólks vill Akraneskaupstaður koma á framfæri við ráðherra eftirfarandi staðreyndum:

- Akraneskaupstaður er langstærsta sveitarfélagið á Vesturlandi með um 6700 íbúa.
- Íbúar Hvalfjarðarsveitar eru rúmlega 600 talsins og Grundartangi, sem er steinsnar frá Akranesi, er með stóra vinnustaði þar sem starfa allt að 1000 manns.
- Lögreglan á Akranesi er fjölmennasta lögregluliðið á Vesturlandi, eða 11 lögreglumenn.
- Miðlæg rannsóknardeild hefur verið starfrækt á Akranesi frá árinu 2007 sem þjónustar allt Vesturland. Í deildinni eru nú þrjár lögreglumenn og málafjöldinn mikill en sérstök áhersla hefur verið lögð á rannsóknir kynferðisafbrotu undanfarin ár og mikilvæg sérfræðipækking hefur byggst upp á undanförunum árum. Nauðsynlegt er að lögreglustjórinn sé staðsettur á sama stað og rannsóknardeildin vegna þessa nána samstarfs sem þarf að vera um rannsókn og saksókn flóknari mála til að tryggja enn skilvirkari og vandaðri vinnubrögð, sem er í samræmi við auknar kröfur dómstóla um meðferð sakamála.

Það er ósk Akraneskaupstaðar að tekið verði tillit til ofangreindar sjónarmiða við ákvörðun um staðseningu aðalstöðvarinnar. Ennfremur að haft verði samráð við sveitarfélögin vegna ákvörðunarinnar sbr. 6. gr. frumvarpsins.

virðingarfyllt,

---

Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

Fylgigögn: Umsögn Akraneskaupstaðar, dags. 11. febrúar 2014.

Samrit: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis